

Reglur um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum

1.gr.

Foreldrar með lögheimili og fasta búsetu í Hvalfjarðarsveit eiga rétt á niðurgreiðslu samkvæmt reglum þessum ef þeir eru með gildan dvalarsamning við dagforeldri. Dagforeldri skal hafa leyfi til daggæslu frá sveitarfélagi. Rétt til greiðslna eiga foreldrar í sambúð frá níu mánaða aldri barns, en einstæðir foreldrar frá sex mánaða aldri barns og þar til leikskólapláss býðst. Hvorugt foreldranna skal vera í fæðingarorlofi.

2.gr.

Daggæslugjöld eru greidd niður í ellefu mánuði á ári. Engar greiðslur eru í júlímánuði. Greitt er eftirá, fyrsta hvers mánaðar.

| Flokkur | Fjöldi klst.á dag | Upphæð fyrir hverja klst. | Hámarksgreiðsla á mánuði. |
|---------------------|-------------------|---------------------------|---------------------------|
| Foreldrar í sambúð | 4-8 klst. | 8.750 kr. | 70.000 kr. |
| Einstæðir foreldrar | 4-8 klst. | 10.000 kr. | 80.000 kr. |

3.gr.

Niðurgreiðslur til foreldra eru skattfrjálsar en framtalsskyldar.

4.gr.

Sækja skal um á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, á þar til gerðum eyðublöðum. Hægt er að nálgast eyðublöð á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar.

5.gr.

Komi upp ágreiningur um framkvæmd þessara reglna er hægt að vísa málinu til úrskurðar Fjölskyldunefndar Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt í sveitarstjórn 24.maí 2016